



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Ösp

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat	8
3.1. Skýjaland.....	8
3.2. Regnbogaland	11
3.3. Stjörnuland	15
4 Innra mat sérkennslu.....	18
5 Innra mat – fjöltyngd börn	19
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	20
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
8 Foreldrasamvinna	22
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	22
10 Fylgigögn.....	23
10.1 Fylgiskjal 1 – Tímarammi samstarfsáætlunar 2021-2022	23
10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2021-2022	23
10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	23



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Við upphaf leikskólaársins 2020-2021 var búið að fylla í öll pláss og ráða í þær stöður sem þurfti. Starfsfólk og börn komu glöð í leikskólann eftir sumarfrí, sem hafði verið kærkomið eftir frekar fordæmalaus tíma frá áramótum.

Í leikskólanum Ösp var haldið áfram með innleiðingu félagsfærni í tengslum við menntastefnuna. Vanda Sigurgeirsdóttir kom á starfsdag í september og fylgdi eftir „verkfærakistunni“ sem allar deildir nýttu í skólastarfið á mismunandi hátt eftir aldri barnanna. Á þessu skólaári náðist einnig að klára að senda alla á Blæ- vinanámskeið Barnaheilla og hefur bangsinn Blær fest sig í sessi á öllum deildum leikskólans. Vel gekk í vetur að innleiða félagsfærni í starfið og var gert myndband um það sem sýnt var á Menntastefnumótinu þann 10.maí. Skólaárið 2021-2022 verður lögð áhersla á læsi í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar. Stefnt verður að því að vera með Lubba-námskeið fyrir alla á starfsdegi í haust. Leitað verður til „Miðju máls og læsis“ til að styrkja starfsfólk í vinnu með mál og læsi og gefa þeim tækifæri til að rýna í sín störf og fá ráðgjöf.

Í janúar 2021 var undirritaður samningur milli Reykjavíkurborgar, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Félags- og barnamálaráðuneytisins til að stuðla að jöfnum tækifærum barna Fellahverfis til menntunar og efla málþroska og læsi þeirra. Markvisst samstarf með aðgerðaráætlun til þriggja ára hófst milli skólanna í janúar 2021, í dag funda verkefnastjórar fjölmenningar í leikskólunum og deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla reglulega og sameina áherslur og starfshætti.

Leikskólaárið 2020-2021 gekk í heildina vel í leikskólastarfinu, markvisst hópastarf tók á sig nýja mynd á öllum deildum. Á hverri deild var barnahópnum skipt í smærri hópa og hópstjórar deildanna báru ábyrgð á ákveðnum verkefnum og tóku á móti öllum hópum sinnar deildar. Allir starfsmenn voru sammála um að þetta fyrirkomulag var gott og mátti heyra saumnál detta í skólanum á þeim tíma sem hópastarf var í gangi, á öllum deildum. Næsta skólaár er hugmyndin að þróa þessa vinnu enn frekar og gera smá tilfæringar í dagskipulagi með það í huga.

Í upphafi skólaársins var lagt upp með að festa undirbúningstíma allra, dagsetja deildarfundir og deildarstjórafundir. Þetta skipulag hélst allt skólaárið og mikil samstaða varð meðal starfsfólks til að halda þessum tímum sem best.

Faraldurinn setti sitt mark á leikskólastarfið þetta árið, einna helst á aðkomu foreldra. Foreldrar komu nánast ekkert inn í leikskólann allt skólaárið og boðið var upp á foreldraviðtöl í gegnum teams. Skilaboðum og upplýsingum var komið til foreldra með tölvupóstum og bréfum. En með hækkandi sól og hjarðónæmi færumst við rólega til baka í fyrra horf, þar sem foreldrar voru virkari þátttakendur í leikskólastarfinu.



Stytting vinnuvikunnar fór ekki fram hjá neinum á haustönn þegar verið var að vinna í hugmyndum og kjósa um tillögur starfshópsins. Fyrstu vikurnar eftir áramót fóru í að aðlagast breyttum vinnutíma og leysa úr þeim hindrunum og áskorunum sem upp komu. Gera þurfti ákveðnar breytingar á vinnufyrirkomulagi og dagskipulagi vegna styttingarinnar en með samstilltu átaki starfmannahópsins gekk það vel. Stytting vinnuvikunnar hefur haft góð áhrif á starfsmannahópinn í heild sinni. Mikil samstaða var hjá fólki að láta þetta ganga sem best og heyrist það í almennu spjalli á kaffistofunni að starfsfólk er ánægt með 36 stunda vinnuviku.

Eftir viðburðaríkt og fordæmalaust leikskólaár er óhætt að segja að margt gott hefur gerst og annað sem hægt var að læra af. Reynslubankinn stækkar og stækkar og verður haldið áfram með það sem vel tókst inn í næsta tímabil.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Í starfsáætlun fyrra skólaárs var sett inn í umbótaáætlun vegna ytra mats, áherslu á vellíðan starfsfólks og starfsaðstæður. Það sem var lagt upp með í fyrra verður hér sett í innra mat og niðurstöður úr viðhorfsskönnunum starfsfólks og foreldra í ytra mat.

Unnið var að því að gera skýrar starfslýsingar og efla samábyrgð starfsfólks. Almennt tókst vel upp og verður haldið áfram að vinna að bættu starfsumhverfi í leikskólanum. Vegna covid-19 var þátttaka foreldra í innra mati ekki til staðar, en niðurstöður úr foreldrakönnun má sjá í ytra mati.

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Starfsmenn/vinnuálag	Á deildarfundum og í samtölum við stjórnendur.	Allt starfsfólk	Með sýnilegu dagskipulagi á öllum deildum og föstum undirbúningstímum leið starfsfólki betur og var öruggara í sínum verkefnum.



Starfsaðstæður	Það er enn verið að vinna í þessu.	Stjórnendur leikskólans, starfsfólk hjá SFS sem hefur með aukið rými að gera.	Leyfi fyrir skrifstofugám á lóð Aspar er komið. Skrifstofugámurinn kemur í sumar/haust samkv. SFS.
Ímynd leikskólans	Á starfsdögum, í starfsþróunarsamtölu m og í starfsmannakönnun (sjá ytra mat)	Allt starfsfólk	Verkefni barnanna voru sýnilegri. Myndband um vinnu leikskólans í félagsfærni sýnt á Menntastefnumóti. Ánægja starfsmanna með það starf sem fór fram.
Aukin vellíðan starfsfólks/styrkja hópinn	Með samtölum, formlegum og óformlegum. Eftirfylgni stjórnenda á líðan starfsfólks.	Allt starfsfólk	Aukin starfsánægja. Góð þátttaka í skipulagðri „starfsmannagleði“ s.s. vinavika, sumarvika. Hástökkvarar í viðhorfskönnun hjá Reykjavíkurborg.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Vellíðan starfsfólks	Viðhorfskönnun starfsmanna	Starfsfólk Aspar	Starfsánægja fór úr 4,0 í 4,7
Ímynd leikskólans	Viðhorfskönnun starfsfólks	Starfsfólk Aspar	Í starfsmannakönnun hefur þáttur um ímynd leikskólans hækkað úr 3,75 í 4,33.
Niðurstöður úr viðhorfskönnun foreldra	Viðhorfskönnun foreldra	Foreldrar	Almennt var ánægja meðal foreldra. Fer úr 4,18 í 4,41.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæ ri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig og hvenær metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Skipulag deildarstjó rafunda/ stjórnenda teymis	Festa deildars tjórafu ndi mislang a í mánuði í samræ mi við breytin gar á dagskip ulagi deilda.	9 – fundir á morgnanna ca. 15 mínútur 1x í mánuði lengri fundur e.h.	Leikskól astjóri/ aðstoð arleiksk ólastjór i	Ágúst 2021	Júní 2022	Dagbækur á deildum og hjá stjórnendum. Fundargerðir af lengri fundunum.	Að 9 fundir festist og fundarge rðir sýna að reglulega eru lengri fundir.
Uppeldis- og menntasta rf							
Sambætti ng milli deilda/sö mu skilaboð til allra barna	Samein a verklag starfsm anna gagnvar t barnah ópnum	Að útbúa agastefnu Aspar	Stjórne ndatey mi Aspar (leikskó lastjóri, sérken nslustjó ri og deildars tjórar)	Maí 2021	Júní 2022	Unnið markvisst að agastefnu á starfsdögum, deildarfundum og deildarstjórafu ndum.	Agastefn a Aspar gefin út.

Dagskipulag	Þróa dagskipulag deilda með skipulagt starf í huga.	Nýta mat starfsfólks á síðasta skólaári til að gera dagskipulag sem hentar í tengslum við faglegt starf á hverri deild	Allt starfsfólk	Ágúst 2021	Desember 2021	Skipulag keyrt á haustönn og aðlagð. Metið á deildarfundum, deildarstjórafundum.	Að starfið verði markvissara með ákveðnu skipulagi.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Aukið rými fyrir börn og starfsfólk	Að auka rými fyrir vinnu með börnunum og bæta vinnuáðstöðu starfsfólks.	Auka rými við leikskólann með skrifstofuskúrum á lóð. Er í vinnslu.	Stjórnendateymi.	Maí 2020		Verkefninu verður fylgt af leikskólastjóra ásamt hennar yfirmönnum sem eru að vinna í málinu.	Skrifstofuskúrar á lóð.
Innra mat							
Starfsmanahandbók	Skýrar upplýsingar fyrir starfsfólk	Aðgengileg handbók með öllum helstu upplýsingum fyrir starfsfólk.	Stjórnendateymi	Ágúst 2021	Maí 2022	Unnið á starfsdögum og deildarstjórafundum.	Starfsmanahandbók gefin út.

3 Innra mat

3.1. Skýjaland

Haustið 2020 fór vel af stað þrátt fyrir að við byrjuðum ekki á okkar deild (var verið að kára að laga baðherbergið). Aðlögun gekk vel og var lítið mál að fara aftur á okkar deild en markvisst starf á deildinni tafðist um 3 vikur vegna þessa. Á deildinni vorum við með þrjá árganga 2017, 2018 og 2019 en 2017 börnin fóru yfir á miðdeildina eftir áramót. Næsta vetur 2021/22 verðum við með börn fædd 2019 og 2020 á deildinni.

Samvera: Morgunsamveran hefur tekið miklum framförum og erum við að bæta og auka í samveruna. Gengur mjög vel og eru börnin mjög áhugasöm á stöfunum. Lubbi kemur í heimsókn og hann fer einn hring og allir fá að knúsa hann.

- Fyrst sungið/klappað nafnið þeirra.
- Lubbi kemur og við syngjum staf/lag vikunnar
- Farið yfir dagskipulag

Við bætum við Lubba táknum á pennann þeirra og á hverjum penna er tákn, nafn og mynd af hverju barni. Eftir veturinn kunna flest öll börnin nöfnin hjá öllum á deildinni og Lubba hljóðin þeirra. Í morgunsamverunni var einnig lögð áhersla á að vera með staf vikunnar sem var í 2 vikur í senn og sungum við Lubba lagið og lærðum hljóðin á stafnum. Í lokin var farið yfir dagskipulagið.

Í samveru fyrir hádegismat var ákveðið að auka bókalestur og hefur það gengið nokkuð vel og sérstaklega í eldri barna samverunni (það eru tvær samverur og aldurskiptar). Næsta vetur ætlum við að halda áfram með lesturinn og bæta við þulum og rími. Markmiðið er að vera með þulu/rím í tvær vikur eins og þemavinnan okkar er og reyna að tengja þær við þemað sem er verið að vinna með hverju sinni. Ákveðið var að getuskipta samverunni svo börnin fái lestur og söng við sitt hæfi.

Ákveðið var að hvert barn í öllum leikskólanum fengi „doppu“ til að sitja á í samveru og barnið færi síðan með sína „doppu“ þegar það færir á næstu deild. Hvert barn er með eina „doppu“ með mynd af sér og nafni.

Hópastarfið: lagt var upp fyrir veturinn að vinna með málörvun, sköpun, flæðilestur og skynörvun/hreyfingu en unnið var með málörvun, sköpun, flæðilestur og félagsfærni. Félagsfærni varð fyrir valinu vegna þess að við erum að vinna með það í menntastefnunni. Veturinn 2021-22 ætlum við að leggja eins áherslu á hópastarfið.

Flæðilestur hefur gengið mjög vel og hefur árangur skilað sér með auknum orðaforða hjá börnunum á deildinni. Öll börn fóru einu sinni í viku í flæðilestur og var hópnum skipt eftir aldri og getu. Lesturinn er orðin hluti af starfinu á deildinni, hver tími er í 30 mínútur og

stundum lengri. Í vetur höfum við safnað bókum saman sem er unnið með og prentað út myndir með orðum úr bókinni sem er verið að leggja áherslu á. Þetta eigum við tilbúið sem hægt er að grípa í og halda áfram að vinna með næsta vetur.

Sköpun og ferlimöppur: það gekk mjög vel og lagt var upp með að gera 3 skráningar fyrir áramót og 3 eftir áramót og gekk það eftir. Ákveðið var að setja einn starfsmann í skráningar og sá hún um að gera skráningar og fylgja þeim eftir svo öll börn væru með ákveðnar skráningar. Einnig gerði hún mat ásamt deildarstjóra á því sem gekk vel og hvað mætti fara betur. Hver hópur fór til hennar einu sinni í viku og var hún með ákveðin verkefni fyrir börnin.

Hreyfistundir: ekki gekk eftir að fylgja hreyfistundum vegna ýmissa breytinga á starfi, þar sem ákveðið var að allar deildir færu út eftir kaffitíma og skila úti. Við munum setja hreyfistundir inn í næstu umbótaáætlun út frá öðru sjónarmiði en síðasta vetur.

Menntastefnan: Við kláruðum í vetur að innleiða félagsfærni og er hún orðin hluti á starfinu á deildinni. Á Skýjalandi var áherslan lögð á Blæ bangsa og verkfærin hans. Einnig nýttum við skráningar frá Verkfærakistunni og kortlögðum börnum þrisvar sinnum yfir skólaárið á deildarfundum. Í vetur gekk vel að vera með deildarfundum og á Skýjalandi vorum við með deildarfund á þriggja vikna fresti.

Í vetur gerðu starfsmenn á deildinni mat á sínu hópastarfi tvisvar yfir veturinn fyrir og eftir áramót, matið verður nýtt fyrir næsta vetur.

Umbótaáætlun Skýjalands 2021 - 2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi þulur og vísur	Stefnt er á að vera með þulur og vísur sem unnið er með í mánuð	Ákveðið fyrir fram hvað á að æfa og vera með það útprentað	Deildastjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn framkvæma	Haustið 2021	Vorið 2022	Skrá á deildarfundum hvaða þulur og rím ganga vel og hvað gengur ekki	Aukinn orðaforði og börnin læri að ríma

Læsi Loðtöflusögur	Stefnt er að vera með loðtöflusögu og unnið er með eina sögu í mánuði	Undirbúa sögurnar og ákveða sögur	Deildastjóri ber ábyrgð á að búa til sögurnar í samvinnu við starfsmenn og allir starfsmenn vinna með þær	Haust 2021	Vor 2022	Ræða á deildafundum hvaða sögur gekk og hvað gekk ekki	Aukinn orðaforði og skilningur. Börnin læra að hlusta eftir sögunni
Hreyfistundir	Öll börn fari í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku	Fari inn í skipulagdeildar	Allir bera ábyrgð og deildastjóri fylgir eftir	Haust 2021	Vor 2022	Skráningar með myndum	Að börnin fá jákvæða ímynd af hreyfingu
Sjónrænt skipulag	Aukinn skilningur á starfi	Aðgengi fyrir börn að sjónrænu skipulagi	Deildastjóri ber ábyrgð	Haust 2021	Lokið fyrir árslok 2021	Fylgjast með þátttöku barna í að nýta sér sjónrænt skipulag.	Að börnin tengja saman orð við myndir



3.2. Regnbogaland

Við á Regnbogalandi byrjuðum haustið 2020 á að hleypa sjö snillingum sem fædd eru 2016 á annan leikskóla eða á elstu deild og tókum á móti öðrum sjö snillingum fæddum 2017. Þannig leit barnahópurinn út veturinn 2020-2021, sextán börn fædd árin 2016 og 2017.

Dagskipulag vetrarins þróaðist aðeins yfir skólaárið og lögð var áhersla á að festa í sessi þætti sem okkur þóttu mikilvægir að fengju pláss. Við höfðum umbótaáætlun síðasta vetrar til hliðsjónar og ræddum við á deildarfundum lausnir. Við byrjuðum með helminginn af deildinni í hvíld en þau voru tiltölulega fljót að vaxa upp úr henni þannig að skipulaginu var breytt frekar snemma. Fyrir hádegi, eftir samverustund þá var mesta áherslan lögð á **hópastarf** og **hringekju** í skipulagða starfinu og svo var útivera. Eftir hádegismat var sögustund (**markviss lestur**), val og vinastund (**félagsfærni og samskipti**). Áhersla var lögð á málörvun öllum stundum á deildinni og var unnið mjög markvisst með orðaforða, orðflokka, málhljóð og stafi, skipulag sem hefur byggst upp og þróast síðastliðin ár í Ösp.

Hópastarf. Hópastarf gekk mjög vel, okkur tókst að velja vel í hópana og voru öll börnin áhugasöm og fengu pláss til þess að vera þau sjálf. Þau voru áhugasöm og virk í þessum stundum. Búið var að setja markmiðið á að bæta hópastarfið og nýtt fyrirkomulag sem fól í sér að kennarar undirbjuggu hópastarfs-tímann sinn fyrir vikuna reyndist miklu skilvirkara. Börnunum var skipt í þrjá hópa og allir hóparnir komu til hvers kennara og fengu sömu verkefnin og sömu kennsluna í stað þess að fá mismunandi hópatíma eftir starfsfólki. Undirbúningur hópstjóra skipti sköpum varðandi skipulag á hópastarfinu og kennarar voru sjálfsöruddar og markvissari í vinnu sinni.

Við settum Blæ markvisst í hópastarf og það reyndist mjög gott. Gott er að vinna með vinafærni í litlum hópum og tryggja einnig að Blær tynist ekki. Undirbúningur og reynsla líðandi vetrar mun skila sér komandi vetur með nýjum ungum nemendum. Annar hópstjóri var með mál og vísindi/náttúrufræði. Haustið byrjaði með göngutúrum og söfnun efnis sem hún vann með í hópastarfinu í byrjun skólaársins. Þegar líða fór á veturinn þá vann hún verkefni inni í tengslum við orðflokka. Unnið var með staf vikunnar, hljóð og framburð með *Lærum og leikum með hljóðin* forritinu. Það gekk mjög vel og hefur náð að festa sig í sessi. Öll börnin tóku virkan þátt og voru áhugasöm og einbeitt og vinnan var mjög markviss hvað varðar stafinn sem unnið var með og orðaforða sem tengdist honum. Þau æfðu sig líka í að skiptast á og bíða eftir að röðin kæmi að þeim.

Hringekja. Á mánudögum vorum við með hringekju með þremur stöðvum eftir samverustund. Hver stöð var 8 mín. og var lögð áhersla á spil og orðflokk vikunnar. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel upp og börnin eru svo dugleg. Þau heyrðu í tímavakanum þegar það var skipting og fóru í litla röð og gekk þetta upp eins og í sögu.

Markviss lestur. Markviss lestur gekk vel og það hjálpaði mikið að hugmyndin um markvissan lestur var sett í loftið. Því var haldið til þrautar að ná að lesa yfir daginn og það gekk mjög vel.

Börnin voru mis-áhugasöm og það þurfti að gæta þess að allir fengju gæðalestur, líka „fiðrildin“ sem vildu helst vera að gera eitthvað annað. Börnin þurftu að venjast og sáum við alltaf fleiri og fleiri áhugasöm augu fylgjast með. Auðvitað skipti máli hvað var lesið og hvernig, en aukin bókaflóra á Ösp hjálpaði til við að finna áhugaverðar bækur sem héldu athygli barnanna. Sögustund var svo orðinn fastur liður í dagskipulagi í janúar 2021 og var hún á hverjum degi eftir hádegismat. Við skiptum í tvo eða þrjá hópa og fór það eftir fjölda barna eða starfsfólks þann daginn. Hóparnir voru getuskiptir og það reyndist vel. Gerðir voru þrír sögukassar og voru valdar bækur sem hentuðu getu og skilning hvers hóps. Þetta gekk yfirleitt vel og eðlilega gekk betur ef við náðum að skipta í þrjá hópa.

Félagsfærni og samskipti. Í upphafi skólaársins þurftum við að finna farveg fyrir þessa tvo þætti svo hægt væri að vinna með markvissari hætti að þeim. Blær kom inn eftir covid hlé og var unnið markvisst með hann í hópastarfinu. Fyrir áramót vorum við með verkefni úr Verkfærakistunni helst í samveru og höfðu börnin mjög gaman af þeim en þær voru bara stundum og svo var vinastund á föstudögum. Þegar börnin fóru að stækka og styrkjast þá fór að myndast ákveðin spenna í barnahópnum og fannst okkur að efla þyrfti vinafærnina enn meir og festum við í sessi vinastundir á hverjum degi í dagsskipulagið sem við útfærðum með ýmiskonar hætti. Stundum fórum við í leiki öll saman eða skiptum þeim í smærri hópa og gerðum eitthvað notalegt saman, spiluðum og spjölluðum og nýttum borðvinnu í þessar stundir. Börnin höfðu mjög gott og gaman af þessu og þetta hafði róandi áhrif á hópinn eins og stefnt var að.

Eftir áramót, annan hvern þriðjudag var íþróttatími fyrir börn fædd 2016 og var það um helmingur deildarinnar. Við höfðum skipulagðar kennslustundir í sal Fellaskóla í samstarfi við deildarstjórnann á Stjörnulandi og var verkfærakistan frá KVAN höfð til hliðsjónar í skipulaginu. Þetta gekk frábærlega og nýttum við rýmið og aðstöðuna vel sem var í boði.

Í samstarfi við deildarstjórnann á Stjörnulandi var útbúinn spurningalisti fyrir börnin og höfðum við til hliðsjónar spurningalista úr vinaverkefni Blæs svo hægt væri að meta árangur starfsins á félagsfærni og samskiptum með börnunum. Niðurstaðan var á þá leið að flest börnin lifa í núinu og svöruðu því til sem var að gerast þá stundina. Þau börn sem þau voru að leika við hverju sinni voru oft á tíðum bestu vinirnir, það var skemmtilegast að leika við það sem þau voru að gera þann daginn og svo framvegis. Úthaldið var stutt í að svara svona beinum spurningum og betra var að spjalla óformlega um vináttuna sem við gerðum mjög mikið á deildinni. Öll eiga þau vini og nefndu að góðir vinir einfaldlega leika sér saman og það væri gaman að leika sér við vinina.

Starfsfólk deildarinnar fann mun á hegðanamynstri barnanna eftir að við skipulögðum daginn með þessum hætti, að leika saman í vinastundum og spjalla oftar og betur um að vera saman, leika saman og að við værum öll vinir. Þessar niðurstöður tókum við með okkur í næstu misseri og höldum áfram á þessari vináttuleið.



Skráningar og ferilmöppur. Ljósmyndaskráning gekk vel í vetur. Hvert barn á myndamöppu á stafrænu formi og deildum við hópnum á milli starfsmanna og hjálpuðumst að við flokkun mynda. Prentuðum við út nokkrar vel valdar stundir frá vetrinum og settum í ferilmöppurnar þeirra barna sem fluttu á milli deilda, eða út úr skólanum þegar þau hættu. Einnig völdum við verkefni úr hópastarfi og skapandi starfi til þess að setja í möppurnar þeirra.

Foreldrar og aðstandendur hafa sennilega aldrei verið eins vel upplýstir um starfið á deildinni þrátt fyrir að þeir hafi varla komið inn í skólann í vetur. Þau hafa reglulega fengið myndapakka og upplýsingar um starfið á deildinni í föstudags-tölvupóstum og höfum við verið dugleg að setja í gluggana verk og verkefni sem þau gátu skoðað að utan.

Umbótaáætlun Regnbogalands 2021 – 2022

UMBÓTAPÁTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Vinna með vísur, þulur og kvæði og aldurstengja lesturinn við yngri börn	Vinna markvisst með verk vikunnar. T.d vísa vikunnar osfrv.	Deildarstjóri og hópstjóri	sept 2021	Júní 2022	Notum deildarfundir og samtöl á deildinni og fylgjumst með framgangi hjá börnunum	Að börnin taki virkan þátt og njóti
Lifandi lestur	Markmið að gera lesturinn spennandi og heillandi fyrir börnin	Útbúa loðtöflusögur og söguskjöldur og/eða nota book creator	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	sept 2021	Júní 2022	Notum deildarfundir og samtöl á deildinni til að yfirfara sögurnar og skipuleggja	Að ná athygli barnanna og fá þau til að taka þátt og njóta

		og lesa inn bækur				tíma til að útbúa meira ef þörf krefur	
Sköpun	Vinna skapandi verkefni uppúr sögum, vísum eða þulum	Velja einföld skáldverk í samráði með börnunum sem verður kafað djúpt í og unnið upp úr	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	september 2021	Júní 2022	Verkin verða til sýnis þegar þeim er lokið og ferlið sett í ferilmöppu.	Markmið að dýpka skilning barnanna á verkunum sem verða valin
Söngur og hreyfing	Æfa fleiri hreyfilög	Leita markvisst að hreyfilögum og setja á dagskrá í samveru	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	september 2021	Júní 2022	Notum deildarfundir og samtöl á deildinni og fylgjumst með framgangi hjá börnunum	Markmið að hafa gaman og hjálpa börnunum að auka við orðaforðann sinn með hreyfingu
Ferilmöppur	Vinna meira í ferilmöppunum jafnóðum yfir skólaárið	Skipta hópnum á milli starfsfólks deildarinnar	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	september 2021	Júní 2022	Notum deildarfundir og samtöl á deildinni	Markmið að ferilmöppurnar verði langt komnar í lok vorannar



3.3. Stjörnuland

Veturinn 2020-2021 voru börnin á deildinni 22 fædd árin 2015 og 2016. Breytingar voru gerðar á hópastarfi haustið 2020. Breytingarnar voru eftirfarandi: hópstjórar fengu ákveðið verkefni til að sjá um til dæmis, List, stærðfræði, osmo, félagsfærni, hóparnir rúlluðu svo á milli hópstjóra yfir vikuna. Almenn ánægja var með þessa breytingu, hópstjórar vissu betur til hvers var ætlast af þeim. Hópstjórar voru öruggari og börnin líka, þau gerðu líka öll sömu verkefni yfir vikuna sem oft skapaði skemmtilegar og góðar umræður milli barnanna um verkefnin. Hringekjan gekk heilt yfir vel, við prófuðum mismunandi tíma og útfærslur. Endirinn varð að hafa hringekjuna fyrir hádegi og hafa tilbúið plan A og B eftir því hvernig dagarnir þróuðust. Hringekjan er komin til að vera þó hún verði endurskoðuð á hverju hausti.

Félagsfærni og samskipti. Undanfarna tvo vetur höfum við verið að innleiða félagsfærni hluta nýrrar menntastefnu. Hefur gengið vel að festa verkfærakistuna í sessi, hún var fastur liður í hópastarfi í vetur hjá einum hópstjóra. Fram eftir vetri gekk erfiðlega að festa Blæ bangsa í starfinu og stundir með bangsanum voru gjarnar á að falla niður. Endirinn var sá að skipst yrði á að hafa verkfærakistuna og Blæ í hópastarfi. Næsta vetur er planið að vera með fastar stundir með Blæ utan hópastarfs.

Eftir áramót fór yngri hluti deildarinnar börn fædd 2016 ásamt jafnöldrum sínum á Regnbogalandi í íþróttahús Fellaskóla aðra hverja viku. Stuðst var við verkfærakistuna við uppsetningu á tímum og samskipti höfð að leiðarljósi. Börnin nutu sín í botn í þessum tímum, leikirnir í verkfærakistunni þurfa oft mikið pláss meira pláss en við höfum í leikskólanum.

Þegar fór að vora bættust útileikir við, þá fórum við út í þrjá fjóra leiki sem reyndu á samskipti. Þar var aðallega verið að æfa að skiptast á, þú ert hann ekki alltaf og við vinnum ekki alltaf.

Þegar kom að því að meta með börnunum hvernig gengið hafði, var útbúinn spurningalisti um leikskólann, vinastundir, vináttu og hjálpsemi. Börnin höfðu mismikið að segja en flestir nefndu þær stundir eða þau verkefni sem voru ný liðin þegar þau voru spurð. Öll börnin töluðu um að eiga vini og leikfélaga og hversu gaman væri að leika við vini sína. Betur gekk að ræða við börnin óformlega á deildinni um starfið og vináttu heldur en beinar spurningar. Mikið var rætt um vináttu, hjálpsemi og hvernig á að koma fram við náungann á deildinni í vetur og skilaði það sér í betri samskiptum.

List – Sköpun og ferilmöppur. Listsköpun hafði ekki átt nægilega fastan stað í starfinu fyrr en farið var að rúlla börnum á milli hópstjóra og ákveðinn hópstjóri sá um skapandi starf. Börnin hafa því öll farið í gegnum sömu verkefni og allt gengið samkvæmt áætlun. Ákveðin verkefni í listsköpun fóru inn í ferilmöppuna. Fyrir utan þau verkefni sem fóru úr skapandi starfinu gekk ekki nægilega vel að halda plani með ferilmöppurnar. Segja má að það hafi gengið að halda utan um verk en ekki viðburði eins og lagt var upp með fyrir veturinn. Nóg er til af myndum

og starfsfólk almennt duglegt að taka myndir, en við þurfum að bæta okkur í því að setja þær upp í möppurnar. Foreldrar fengu reglulega sendar myndir úr starfinu í föstudagspósti. Ferilmöppur verða því áfram í umbótaáætlun fyrir næsta vetur.

Aukinn lestur. Lestur var settur fastur inn í dagskipulagið og þær stundir heldust í allan vetur. Við prófuðum okkur áfram með stærð hópa og skiptingu. Börnin eru mis áhugasöm og úthald er misjafnt, gæta þarf þess að allir fá eitthvað fyrir sinn snúð. Stundirnar gengu betur eftir því sem leið á veturinn og úthaldið jókst. Bókin og hvernig lesið er skiptir einnig miklu máli. Eftir matinn skiptum við í þrjá hópa og lásu, einu sinni í viku vorum við svo með stóra lestrarstund fyrir allan hópinn, voru þær fyrir kaffitíma barnanna. Einnig prófuðum við okkur áfram í því að vara með Lubba stundir fyrir allan hópinn sem gengu ágætlega. Það var ábótavant að hafa bækurnar til í einhverskonar sögukassa.

Líkt og kom fram áðan var hópastarfinu breytt á þann veg að hver hópstjóri er með sama verkefni í viku og fær alla hópana til sín sú breyting hafði mikið að segja og breytti ótrúlega miklu. Starfsmenn voru allir ánægðir með þá breytingu og munum við halda því áfram næsta vetur.

Umbótaáætlun Stjörnulands 2021 – 2022

UMBÓT AÞÁTT UR/ MATSP ÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðf erðir?	Viðmið um árangur
Ferilmöppur	Að skráningar verði gerðar jafnt og þétt yfir veturinn.	Hver og einn kennari fær ákveðið verkefni til að skrásetja	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn bera ábyrgð. Allir framkvæma.	Í sept 2021	Í Júní 2022	Farið verður yfir það á fundum hvernig gengur að skrá og hvort einhverju þurfi að breyta.	Betri skráning í ferilmöppur og að við séum að skrásetja jafnt og þétt.

Lestur	Að lestrarstundirnar séu vel skipulagðar og fjölbreyttar.	Útbúa bókakassa, tilbúnaðar bækur, loðtöflusögur og leikmuni. Tengja bækur þemanu. Spyrja börnin út í söguna og fá þau til að endursegja hana.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	Í sept 2021	Í Júní 2022	Deildin metur á fundum og fer yfir hvernig gengur. Málhljóða mælirinn verður nýttur til að skrásetja endursögn barnanna.	Auka skilning og orðaforða barnanna. Auka áhuga barnanna á bókum.
Hljóm / K-pals	Vinna með niðurstöður úr Hljóm-2 fram að áramótum. Að festa K-pals í starfinu hjá skólahóp eftir áramót	Setja Hljóm-2 og K-pals stundir inn í dagskipulag.	Deildastjóri og starfsmenn sem farið hafa á námsskeið. Með sérkennslustjóra	Í Jan 2022	Í júní 2022	Á fundum með þeim starfsmönnum sem taka K-pals hópa í samstarfi við sérkennslustjóra.	Leggja grunn að lestri. Auka kunnáttu barnanna í öllum þáttum hljóðkefisvitar. Búa börnin betur undir 1. bekk.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Í leikskólanum í vetur voru bæði börn í 1. og 2. flokki í sérkennslu. Þau börn sem eru í 2.flokki eru með fjármagn vegna frumgreiningar, en eru á bið eftir frekari greiningu hjá Greiningastöðinni. Sérkennslan hefur verið skipulögð eftir þörfum hvers einstaklings. Allir einstaklingar í 1. og 2. flokki eru með stuðning og unnið er eftir einstaklingnámskrám sem byggðar eru á AEPES matslistanum.

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Lagt er upp með að börnin séu þátttakendur í öllu starfi deildarinnar og er þeim veittur stuðningur til þátttöku. Valinn er tími fyrir vinnustundir og einstaklingskennslu sem raskar sem minnst félagslegri þátttöku barnsins í hópnum.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	EFI-2, AEPS, HLJÓM-2, íslenski þroskalistinn/smábarnalistinn
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Stuðningsaðilar hafa farið á námskeið um þá vinnuaðferð sem foreldrar hafa óskað eftir að unnið sé með. Keypt hafa verið námsgögn líkt til einstaklingskennslu, en mikið er búið til af verkefnum í leikskólanum, sem hentar hverju og einu barni. Sjónrænt skipulag er á öllum deildum og er PECS notað fyrir þau börn sem þurfa.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lo kið	Hvernig metið/aðf erðir?	Viðmið um árangur
Sérkennslu fundir	Reglulegir fundir með stuðningsfu lltrúum	Halda fundi með hverjum stuðningsf ulltrúa til að meta stöðuna	sérkennsl ustjóri	Ág úst 20 21	Jún í 20 22	Fundarger ðir og aðgerðará ætlanir sé skráðar eftir hvern fund	Að haldnir sáu reglulegir fundir með stuðningsfu lltrúum og sáu fastir í sessi

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Leikskólinn Ösp er ríkur af fjölmenningu og fjölda tungumála þeirra sem hann sækja. 87% barnanna er tví- eða fjöltyngd og töluð eru 22 tungumál í barnahópnum. Með þann barnahóp í huga er starfið skipulagt. Markviss vinna með málörvun hélt áfram á öllum deildum, en skipulagið tók nokkrum breytingum frá árinu áður en nú var unnið í tveggja vikna lotum í stað þriggja og þótti það koma vel út, það skipulag mun halda áfram næsta skólaár. Líkt og fram kom í síðustu starfsáætlun fékk leikskólinn Ösp styrk vorið 2020, ásamt leikskólanum Holti og Fellaskóla, til að vinna markvisst að aukningu orðaforða barnanna í íslensku og auka hugtakaskilning þeirra. Styrkurinn var meðal annars nýttur til að meta framfarir á orðaforða barnanna í leikskólanum síðasta vetur og mæla árangur af markvissum umbótum í starfi leikskólans á sviði málþroska. Bryndís Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur, lagði orðaforðapróf fyrir börnin í ágúst 2020 og svo aftur í maí 2021. Niðurstöður sýna verulega marktækar framfarir á orðaforða allra barnanna eða um 28% aukningu á orðaforðagetu, þ.e. töluðum orðaforða hjá börnunum. Sama próf var lagt fyrir í bæði skiptin (One Word Expressive Test, ísl. þýðing og aðlögun) og gert ráð fyrir hækkandi aldri barnanna í aldursviðmiðum. Sérstök áhersla var lögð á yngstu nemendur en stöðumat talmeinafræðings og orðaforðapróf sýndi miklar breytingar og framfarir á stöðu barnanna. Þau börn sem unnt var að leggja prófið fyrir árið 2020 sýndu allt að 48% aukningu í töluðum orðaforða árið 2021. Fjármagnið vegna fjöltyngdra barna var nýtt til að ráða inn starfsmann til að sinna markvissri málörvun í leikskólanum. Sú vinna fór fram á öllum deildum með fáum börnum í hóp. Festar voru í dagskipulag allra deilda daglegar lestrarstundir. Unnið var myndband í samvinnu við leikskólann Holt og Fellaskóla um markvissa málörvun í Fellahverfi sem var sýnt á Menntastefnumótinu í maí 2021.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Heftst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fjölmenningsarfundir	Festa í sessi fjölmenningsgarfundi með deildarstjórum	Halda fjölmenningsgarfundi í tengslum við þemur á hálfsmánaðar fresti	Verkefnaastjóri fjölmenningsar	Ágúst 2021	Júní 2022	Fundargerðir eftir hvern fund	Að fjölmenningsarfundir með deildarstjórum séu reglulegir og fastir í sessi

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl

Öll samtöl sem ekki náðist að klára fyrir sumarfrí 2021 voru tekin í ágúst 2021. Lagt hafði verið upp með snerpusamtöl fyrir leikskólaárið 2020-2021 en það gekk ekki eftir.

Leikskólastjóri tók eitt starfsþróunarsamtal við alla starfsmenn á vorönn 2022. Auk þess tóku deildarstjórar eitt samtöl við sína starfsmenn á skólaárinu. Á næsta starfsári verða tekin þrjú starfsþróunarsamtöl / snerpusamtöl við alla starfsmenn, í september, janúar og maí.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri munu taka samtölin. Deildarstjórar munu einnig taka samtöl við sitt deildarstarfsfólk, eitt á hvorri önn.

Fræðsla skólaárið 2020 – 2021

- Allir starfsmenn sem áttu eftir að fara á vinanámskeið Barnaheilla fóru á það.
- Þrír starfsmenn fóru á K-PALS námskeið.
- Tveir starfsmenn byrjuðu í framhaldsnámi leikskólaliða í Borgarholtsskóla.
- Einn starfsmaður byrjaði í grunnnámi í leikskólakennarafræðum.
- Einn starfsmaður kláraði framhaldsnám í leikskólakennarafræðum, útskrifaðist með leyfisbréf.
- Einn starfsmaður er í framhaldsnámi í sérkennslufræðum.
- Vanda Sigurgeirsdóttir kom á starfsdag og fylgdi eftir verkfærakistunni fyrir alla.
- Sérkennslustjóri fór á námskeið í AEPES og Íslenska þroskalistanum.
- Einn starfsmaður fór á TEEACH námskeið.
- Hegðunarráðgjafi frá þjónustumiðstöð Breiðholts kom á starfsdag með fyrirlestur um agastefnu og hegðun fyrir alla. Í framhaldi af því tóku allir starfsmenn þátt í hópavinnu varðandi agastefnu Aspar, sem er í vinnslu.
- Á starfsdegi var fyrirlestur frá Miðju máls og læsis um „Gæðamálörvun“ fyrir alla.
- Á starfsdegi tóku allir starfsmenn þátt í Menntastefnumóti og horfðu á mismunandi myndbönd tengdum því.

Áætlun um símenntun og fræðslu 2021-2022

Lagt verður upp með að:

- Einn starfsmaður fari á PECS námskeið.
- Fjórir starfsmenn fari á námskeið Menntafléttu – málörvun með sögum og söng.
- Tveir starfsmenn fari á námskeið Menntafléttu – stærðfræði í leik barna.
- Á starfsdegi í haust fari allir á Lubba námskeið.
- Á starfsdegi með Holti og Fellaskóla fara allir starfsmenn á sameiginlegt námskeið.
- Allir fari á skyndihjálparnámskeið.
- Allir starfsmenn fái einstaklingsmiðaða ráðgjöf frá Miðju máls og læsis.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við leikskólann Holt og Fellaskóla hélt áfram og varð markvissara í tengslum við samning Reykjavíkurborgar, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Félags- og barnamálaráðuneytis. Leikskólastjóri fundaði reglulega á haustönn með tengiliðum frá Holti og Fellaskóla og þróaði hugmyndir um samstarf skólanna þriggja. Verkefnastjóri fjölmennningar fundaði einnig reglulega með tengiliðum frá Holti og Fellaskóla til að sameina áherslur og starfshætti. Búið er að undirbúa og setja upp skipulag fyrir næsta skólaár sem allir skóla munu fylgja.

Áætlun vetrarins féll alveg niður vegna Covid-19, fyrir áramót og langt fram eftir vorönninni. Á vorönn fóru börnin aftur að fara í íþróttahúsið í Fellaskóla og elstu börnin fóru í vorskólann í Fellaskóla.

Sjá tímaramma samstarfsáætlunar fyrir skólaárið 2021-2022 í fylgiskjali 1.

Verkefnið Betri borg fyrir börn

Meginmarkmið skólaþjónustu er að veita börnum og fjölskyldum og skólum hverfisins heildstæða og fjölbreytta ráðgjöf til að mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra. Ráðgjöfin er þverfagleg og miðar að því að efla skóla sem faglegar stofnanir. Ráðgjöf skólaþjónustu nær til barna, fjölskyldna og starfsmanna skóla og felur meðal annars í sér ráðgjöf vegna umönnunar og náms barna.

Í Breiðholti er unnið samkvæmt verklagi sem kveðið er á um í þróunarverkefninu *Betri borg fyrir börn* um náði þverfaglegt samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Skólaþjónusta hverfisins er í þróun með það að markmiði að mæta þörfum barna, fjölskyldna og skóla enn betur með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi.

Tvær deildir sjá um að veita skólaþjónustu í Breiðholti. Annars vegar skóla- og frístundadeild Breiðholts og hins vegar deild barna- og fjölskyldna í Þjónustumiðstöð Breiðholts. Þjónustan er veitt á grundvelli þjónustusamnings á milli **skóla- og frístundasviðs** og **velferðarsviðs** og er náði samstarf á milli deilda varðandi þjónustu við börn og fjölskyldur.

Þverfaglegt teymi ráðgjafa er við alla leik- og grunnskóla. Hver leikskóli hefur greiðan aðgang að félagsráðgjafa, sérkennsluráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingi og hegðunarráðgjafa.

8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð á að vera skipað þremur fulltrúum, sem hittast tvisvar til þrisvar sinnum á ári með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Það eru tveir fulltrúar í foreldraráði Aspar og munum við reyna að fjölga þeim á næsta skólaári. Vegna Covid-19 náðist ekki að halda nema einn fund.

Foreldrafundir höfðu verið skipulagðir en þeir féllu allir niður. Lagt verður upp með sama skipulag og í fyrra að bjóða upp á morgunfundi fyrir hverja deild fyrir sig næsta vetur, þar sem starf leikskólans og deildarinnar verður kynnt fyrir foreldrum.

Nú í júní hafa farið fram fyrstu viðtöl vegna nýrra barna sem koma til með að byrja í aðlögun haustið 2021. Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri viðkomandi deildar sáu um þau viðtöl. Í viðtölunum fengu deildarstjórar upplýsingar um barnið og foreldrar fengu upplýsingar um leikskólann, starfið og hvernig aðlögun verður háttað. Túlkur var til staðar í öllum foreldraviðtölunum þar sem það átti við.

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári, eitt á haustönn og eitt á vorönn. Í ár var boðið upp á foreldraviðtöl í gegnum TEAMS, sem foreldrar skráðu sig í hjá deildarstjóra. Þar sem aðkoma foreldra hefur verið mjög takmörkuð þetta skólaár sem er að líða hafa deildarstjórar sent tölvupósta og myndir reglulega til að upplýsa foreldra um það sem fram fer í leikskólastarfinu og sagt frá því sem börnin hafa verið að gera. Einnig eru allar upplýsingar settar á lokaða facebook síðu til að upplýsa foreldra um það sem fram fer.

Öllum foreldrum er boðið upp á að hafa túlk í viðtölum og á fundum ef á þarf að halda.

Það er ekki foreldrafélag í Ösp af ýmsum ástæðum. Leikskólinn hefur greitt fyrir þá viðburði sem haldnir voru síðastliðið skólaár, rútuferð í Guðmundarlund í desember, jólaleikrit, piparkökumálningu og sirkusatriði á sumarhátíð.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2021 -2022

- 3.september 2021. Sameiginlegur með Holti, allur dagurinn.
- 13.október 2021. Sameiginlegur með Holti og Fellaskóla, allur dagurinn.
- 19.nóvember 2021. Sameiginlegur með Holti og Fellaskóla, allur dagurinn.
- 3.janúar 2022. Sameiginlegur með Holti og Fellaskóla, allur dagurinn.
- 11.mars 2022. Allur dagurinn.
- 27.maí 2022. Allur dagurinn.

Sjá leikskóladagatal 2021 – 2022 í fylgiskjali 2.



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 – Tímarammi samstarfsáætlunar 2021-2022

10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2021-2022

10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Halldóra Sigtryggsdóttir

1.júlí 2021

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Tímarammi samstarfsáætlunar 2021-2022



Leikskólinn Holt



Ösp

Mánuður	Athburður	Markmið	Ábyrgð - Mat og skráning	Umsjón	Tími
Ágúst	Verkefnastjórar fara yfir tímasetningar og áherslur vetrarins. Starf í sept. undirbúið	Að skipuleggja samstarf vetrarins	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	V.STJÓRAR + 1.b. kennarar	
September	Deildarstjórar leikskólana velja lög fyrir Dag ísl. tungu.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum og skipuleggja samstarfið.	- Upplýsingum miðlað til OM-verkefnastjóra	DEILDARSTJÓR AR L	
	Deildarstjórar og 1. bekkjarkennarar skipuleggja heimsókn 1. bekkjar	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum OM-verkefnisins.	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	DEILDATSTJ. OG KENN	
Október	1. bekkur heimsækir leikskólana Börnin sækja söngbókina sína og taka þátt í frjálsum leik. Auka söngbækur til ef vantar.	Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans. Að auka vægi söngs í 1. bekk.	Verkefnastjórar á leikskólunum - Myndefni á vef - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	DEILDATSTJ. OG KENN	
Nóvember	Verkefnastjórar skipuleggja starfið í nóvember	Að skipuleggja samstarfið og fræðslu á starfsdegi	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	V.STJÓRAR	
	Heimsóknir milli leikskóla Börnin hittast og syngja saman lög fyrir Dag íslenskrar tungu	Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl	Deildarstjórar HÖ - Myndefni á vef - Deildarstjórar fylla út matsblað	DEILDARSTJ. L	
	Dagur íslenskrar tungu Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórar - Myndir á heimasíðu - Umræða verkefnastjóra	V.STJÓRAR	16. nóv.
Desember	Helgileikur Leikskólabörnum boðið á generalprufu á helgileik í skóla og í heimsókn inn í 6.bekk	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum enn betur og finni til öryggis þar.	Verkefnastjórar HÖF - Myndir á heimasíðu - Umræða verkefnastjóra	V.STJÓRAR	15. eða 16. des.
Janúar	Verkefnisstjórar fara yfir skipulag vormisseris og undirbúa starfið í jan. og feb	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	V.STJÓRAR	
Febrúar	Leikskólabörn koma í smiðjur	Að kynnst húsnæði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórar HÖF - Myndum miðlað á heimasíðum HÖF - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	V.STJÓRAR	
	Fundur um niðurstöður námsmats 1.bekkinga	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið	Deildarstjóri yngsta stigs, deildarstjórar leikskóla, leik-og grunnskólastjórar	DEILDARSTJÓRI / SKÓLASTJÓRI G	
Mars	Verkefnastjórar fara yfir skipulag starfsins í mars	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	V.STJÓRAR	
Apríl	Leikskólarnir skila grunnuþýðingum um stuðningsbörn v. frístundar.	Að efla upplýsingaflæði milli skólastiga og undirbúa komu leikskólabarna í grunnskólann.	Deildarstjórar á leikskólum, deildarstjóri F, sérkennari og þroskaþjálfari	V.STJÓRAR	
	Verkefnastjórar fara yfir skipulag starfsins í apríl	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	V.STJÓRAR	
Mai	Verkefnastjórar endurskoða samstarfsáætlun og undirbúa vorskóla	Að skipuleggja samstarfið með áherslu á <u>valið efni</u>	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	V.STJÓRAR	



	Lestur í leikskólum Nemendur í 5. bekk lesa á ýmsum tungumálum (íslenska + móðurmál) í leikskóla	Að miðla góðum fyrirmyndum til yngri barnanna og styðja við virkt tvítýngi	Verkefnastjórar OM - Myndir og kynningarefni - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	V.STJÓRAR	
	3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin. Að verðandi kennarar 1. b. kynnist nem. og þeir hver öðrum. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórar HÖF - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað - Myndir á vef og rýni á fundi OM-vstj.	V.STJÓRAR	
	Útskrift leikskólabarna í hátíðarsal Fellaskóla	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskólans. Að miðla upplýsingum til foreldra um skólastarfið og auðvelda þeim og börnunum skólaskilin.	Skólastj., deildarstj. og verkefnastj.HÖF - Myndir og kynningarefni - Rýni á fundi OM-verkefnastjóra	V.STJÓRAR	
	Skilafundur milli leik- og grunnskóla			V.STJÓRAR/DEILDARSTJÓRAR L	
Júní	Fundur verkefnastjóra OM um mat á samstarfi	Að meta samstarfið á árinu, horfa til framtíðar og senda út rafrænar kannanir til þátttakenda	OM-verkefnastjórar - Í OM-skýrslu skólaársins	V.STJÓRAR	

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna í skóla
Grænn	Samráð starfsmanna



Fylgiskjal 2

Fylgiskjal 2

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla:

Leikskólinn Ösp

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MÁI		JÚNÍ	
1. S	1. M	1. M	1. F	1. F	1. M	1. M	1. M	1. F	1. F	1. S	1. P	1. P	1. S	1. P	1. P	1. F	1. F	1. S	1. S	1. M	
2. M	2. F	2. F	2. L	2. L	2. Þ	2. Þ	2. Þ	2. F	2. F	2. S	2. M	2. M	2. S	2. M	2. M	2. L	2. L	2. M	2. M	2. F	
3. Þ	3. F	3. M	3. S	3. S	3. M	3. M	3. M	3. F	3. F	3. M	3. F	3. F	3. M	3. F	3. F	3. S	3. S	3. Þ	3. Þ	3. F	
4. M	4. L	4. L	4. M	4. M	4. F	4. F	4. F	4. L	4. L	4. Þ	4. F	4. F	4. Þ	4. F	4. F	4. M	4. M	4. M	4. M	4. L	
5. F	5. S	5. S	5. Þ	5. Þ	5. F	5. F	5. F	5. S	5. S	5. M	5. L	5. L	5. Þ	5. L	5. L	5. Þ	5. Þ	5. F	5. F	5. S	
6. F	6. M	6. M	6. M	6. M	6. L	6. L	6. L	6. M	6. M	6. F	6. F	6. S	6. S	6. S	6. S	6. M	6. M	6. F	6. F	6. M	
7. L	7. Þ	7. Þ	7. F	7. F	7. S	7. S	7. S	7. Þ	7. Þ	7. F	7. F	7. M	7. M	7. M	7. M	7. F	7. F	7. L	7. L	7. Þ	
8. S	8. M	8. M	8. F	8. F	8. M	8. M	8. M	8. Þ	8. Þ	8. L	8. L	8. Þ	8. Þ	8. Þ	8. Þ	8. F	8. F	8. S	8. S	8. M	
9. M	9. F	9. F	9. L	9. L	9. Þ	9. Þ	9. Þ	9. F	9. F	9. S	9. S	9. M	9. M	9. M	9. M	9. L	9. L	9. M	9. M	9. F	
10. Þ	10. F	10. F	10. S	10. S	10. M	10. M	10. M	10. F	10. F	10. M	10. M	10. F	10. F	10. F	10. F	10. S	10. S	10. Þ	10. Þ	10. F	
11. M	11. L	11. L	11. M	11. M	11. F	11. F	11. F	11. L	11. L	11. Þ	11. Þ	11. F	11. F	11. F	11. F	11. M	11. M	11. M	11. M	11. L	
12. F	12. S	12. S	12. Þ	12. Þ	12. F	12. F	12. F	12. S	12. S	12. M	12. M	12. L	12. L	12. L	12. L	12. Þ	12. Þ	12. F	12. F	12. S	
13. F	13. M	13. M	13. M	13. M	13. L	13. L	13. L	13. M	13. M	13. F	13. F	13. S	13. S	13. S	13. S	13. M	13. M	13. F	13. F	13. M	
14. L	14. Þ	14. Þ	14. F	14. F	14. S	14. S	14. S	14. Þ	14. Þ	14. F	14. F	14. M	14. M	14. M	14. M	14. F	14. F	14. L	14. L	14. Þ	
15. M	15. M	15. M	15. F	15. F	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	15. L	15. L	15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. F	15. F	15. S	15. S	15. M	
16. M	16. F	16. F	16. L	16. L	16. Þ	16. Þ	16. Þ	16. F	16. F	16. S	16. S	16. M	16. M	16. M	16. M	16. L	16. L	16. M	16. M	16. F	
17. Þ	17. F	17. F	17. S	17. S	17. M	17. M	17. M	17. F	17. F	17. M	17. M	17. F	17. F	17. F	17. F	17. S	17. S	17. Þ	17. Þ	17. F	
18. M	18. L	18. L	18. M	18. M	18. F	18. F	18. F	18. L	18. L	18. Þ	18. Þ	18. F	18. F	18. F	18. F	18. M	18. M	18. M	18. M	18. L	
19. F	19. S	19. S	19. Þ	19. Þ	19. F	19. F	19. F	19. S	19. S	19. M	19. M	19. L	19. L	19. L	19. L	19. Þ	19. Þ	19. F	19. F	19. S	
20. F	20. M	20. M	20. M	20. M	20. L	20. L	20. L	20. M	20. M	20. F	20. F	20. S	20. S	20. S	20. S	20. M	20. M	20. F	20. F	20. M	
21. L	21. Þ	21. Þ	21. F	21. F	21. S	21. S	21. S	21. Þ	21. Þ	21. F	21. F	21. M	21. M	21. M	21. M	21. L	21. L	21. F	21. F	21. Þ	
22. S	22. M	22. M	22. F	22. F	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. L	22. L	22. Þ	22. Þ	22. Þ	22. Þ	22. F	22. F	22. S	22. S	22. M	
23. M	23. F	23. F	23. L	23. L	23. F	23. F	23. F	23. Þ	23. Þ	23. S	23. S	23. M	23. M	23. M	23. M	23. L	23. L	23. M	23. M	23. F	
24. Þ	24. F	24. F	24. S	24. S	24. M	24. M	24. M	24. F	24. F	24. M	24. M	24. F	24. F	24. F	24. F	24. Þ	24. Þ	24. Þ	24. Þ	24. F	
25. M	25. L	25. L	25. M	25. M	25. F	25. F	25. F	25. L	25. L	25. Þ	25. Þ	25. F	25. F	25. F	25. F	25. M	25. M	25. M	25. M	25. L	
26. F	26. S	26. S	26. Þ	26. Þ	26. F	26. F	26. F	26. S	26. S	26. M	26. M	26. L	26. L	26. L	26. L	26. F	26. F	26. F	26. F	26. S	
27. F	27. M	27. M	27. M	27. M	27. L	27. L	27. L	27. M	27. M	27. F	27. F	27. S	27. S	27. S	27. S	27. M	27. M	27. F	27. F	27. M	
28. L	28. Þ	28. Þ	28. F	28. F	28. S	28. S	28. S	28. Þ	28. Þ	28. F	28. F	28. M	28. M	28. M	28. M	28. F	28. F	28. L	28. L	28. Þ	
29. S	29. M	29. M	29. F	29. F	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. L	29. L	29. Þ	29. Þ	29. Þ	29. Þ	29. F	29. F	29. S	29. S	29. M	
30. M	30. F	30. F	30. L	30. L	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. F	30. F	30. S	30. S	30. M	30. M	30. M	30. M	30. L	30. L	30. M	30. M	30. F	
31. Þ	31. S	31. S	31. S	31. S	31. F	31. F	31. F	31. M	31. M	31. M	31. M	31. F	31. F	31. F	31. F	31. Þ	31. Þ	31. Þ	31. Þ	31. Þ	

I reglum um leikskólajónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þessa skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólajögd hekkja ekki vegna þessa. Böm sem dvæla í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lágmarki tuttugu vika daga í sumarféri. Leikskólastíón ákveður, að hófu samráði við starfsmenn og foreldrað viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða lú tuttugu vika daga. Stefna skóla- og frísumdagsværs er að í hverju hverfi leitt skólastíjmerndur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða helir. Leikskólagjöld tækja ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í Leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumari. Leikskólagjöld ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allir dagar eða lokaðir á sumari. Stærsta skóla- og frístundasvæði er að í hverju hvern leikskólagjöld leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Starfsáætlun 2021 – 2022
Leikskólinn Ösp

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Gyða Dröfn Laagaili Hannesd.
Sóley Ómarsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Leikskólaárið 2020-2021 var ekki hefðbundið skólaár frekar en árið undan vegna Covid-19 faraldursins. Foreldrar hafa nánast ekkert stigið inn fyrir dyr skólans þennan veturinn en í gegnum faraldurinn tók starfsfólk á móti börnunum við hurðina og síðan voru börnin í útiveru þegar foreldrar komu að sækja. Slíkt ástand skapar auðvitað ákveðna fjarlægð foreldra við skólastarfið, starfsfólk og skólastjórn. Samt sem áður hefur það tekist ágætlega hjá Ösp að halda foreldrum upplýstum, þá sérstaklega með reglulegum tölvupóstum og tilkynningum á facebook og heimasíðu.

Foreldraráð er ánægt með það starf sem unnið var skólaárið 2020-2021, og þá sérstaklega aukna áherslu á félagsfærni, málörvun, markvissan lestur og sköpun. Greinilegt er að hópastarf og hringekjustarf hefur gengið vel og gott skipulag er komið á þetta starf í öllum deildum. Niðurstöður

orðaforðaprófs talmeinafræðings sýna einnig skýrt að markviss málörvun í leikskólastarfinu skilar árangri. Það verður áhugavert að sjá þessi verkefni þróast áfram og festa sig enn betur í sessi á næsta skólaári.

Ánægjulegt er að sjá niðurstöðurnar úr innra og ytra mati þar sem sjá má hækkun starfsánægju starfsfólks, ímynd leikskólans og ánægju meðal foreldra. Leikskólinn var „hástökkvari“ í viðhofskönnun Reykjavíkurborgar en starfsánægja starfsfólksins skilar sér í öllu starfinu og greinilegt er að það ríkir góður andi á vinnustaðnum.

Foreldrasamvinna var í lágmarki á árinu og foreldraráð hitti skólastjórn aðeins einu sinni. Vonandi rætist úr samstarfinu á komandi skólaári nú þegar skólastarf er að færest í eðlilegt horf.

Foreldraráð er mjög ánægt með nýja skólastjórn Aspar, sem hefur þrátt fyrir mjög krefjandi áskoranir frá því að hafa tekið við störfum, komið í gegn ýmsum jákvæðum breytingum sem og haldið vel utan um starfsmannahópinn og börn skólans.



